

**Nd.**

**920. Lög**

um þingfararkaup alþingismanna.

(Afgreidd frá Nd. 20. sept.)

**1. gr.**

Alþingismenn skulu hafa 12 kr. þóknun daglega bæði fyrir þann tima, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til þings og heim af þingi.

**2. gr.**

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn eftir reikningi.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísu upphæðunum.

**3. gr.**

Auk hinnar daglegu þóknunar fá alþingismenn samskonar uppbót á henni eins og embættismenn landsins fá á launum sínum samkvæmt launalögum.

**4. gr.**

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr rikissjóði.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtiðaruppbót sú, er um getur í 3. gr., greiðast frá 1. júlí 1919 af núverandi kaupi, og ferðakostnaður alþingismanna 1919 eftir ákvæðum 2. gr.

**6. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10, 22. okt. 1912, um þingfararkaup alþingismanna.